

um hann, er það, að hann seldi eignir sínar hér fyrir rúmum tveim árum síðan, og fór héðan með skipi, sem ætlaði til Portó Alegre."

"En hafð þú fundið Norðmanninn, hann herra Jason?"

"Hann er dáinn, og fólk hans komið til Norðurálfunnar."

"En hafð þú látið leita til Senorítu í Santos?" sagði ég; "það leit út fyrir að hún ætti búðina, sem hún var stödd í, þegar við sáum hana fyrst, hver veit, nema hún eigi þar enn heima."

"Við vorum heldur ekki búur að leyma búðinni þeirri. Ólafur sigldi suður til Santos tóttu eftir nýárið. Hann fann búðina, en hann sá þar hverki Senorítu, né gamla manninn skuggalega, né konuna, sem var að telja smápeningana við skápinn, kvöldið, sem við komum þar inn. Nú er ekki matvara seld þar, heldur álnavara og klæðnaður; og búðarþjónarnir gátu ekki gefið Ólafi neinar upplýsingar viðvikjandi hinum fyrrverandi eigendum búðarinnar. Og hversu grandgæfilega, sem Ólafur leitaði, þá varð hann þar hvergi var við stúlkuna, og fékk ekkert um hana að vita."

"Og eruð þú þá hættir að leita?" sagði ég.

"Nei, langt frá því," sagði Snorri; "við hættum aldrei að leita, fyrr en við finnum Skúla lífs eða liðinn. Við Ólafur höfum ráðið það með okkur, að fara suður til São Pauló innan fárra vikna og leita þar; og ef hann er ekki þar að finna, þá höldum við áfram suður til Portó Alegre. Við hefðum þegar verið lagðir á stað, hetðir þú ekki orðið fyrir þessu slysi, því við vildum sjá þig áður en við færum. — Ég get sagt þér það, að okkur fór að volgna um hjartaræturnar, þegar við urðum þess varir, að þú værir líka horfinn. Enda létum við ekki lengi biða að leita